



Reykjavík, 23. janúar 2025
VEL25010021

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um breytingar á leiguverði Félagsbústaða

Á fundi velferðarráðs 15. janúar var samþykkt að leggja til við borgarráð að leiga Félagsbústaða verði hækkuð um 1,5% frá og með 1. maí 2025.

Greinargerð fylgdi tillögunni.
Bókanir voru færðar í trúnaðarbók.

Tillagan er hér með send borgarráði til afgreiðslu.

Óskað er eftir að gætt verði trúnaðar um málið þar til búið er að senda leigjendum Félagsbústaða tilkynningu um hækkunina.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um breytingar á leiguverði Félagsbústaða, lögð fram á fundi velferðarráðs 15. janúar 2025.



Reykjavík



Reykjavík, 13. janúar 2025
VEL25010021

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Breytingar á leiguverði Félagsbústaða*

Lagt er til að samþykkt verði að hækka leigu Félagsbústaða um 1,5% frá og með 1. maí 2025.

Greinargerð:

Um er að ræða nauðsynlega hækkun til að halda rekstri félagsins í jafnvægi til skamms tíma á meðan verður unnið að frekari útfærslu á öðrum tillögum.

Hækkun leigu um 1,5% skilar Félagsbústöðum á ársgrundvelli 53,6 m.kr. Til mótvægis dragi Félagsbústaðir úr kaupum á íbúðum úr 82 íbúðum í 50 íbúðir sem er 1,6% stækkun á safninu, sem er sambærilegt við áætlaða íbúðapróun í borginni. Felur það í sér að fjárfestingaáætlun lækkar um 2.103 m.kr., þ.e. úr 5.951 m.kr. í 3.848 m.kr. til að draga tímabundið úr fjárförf á meðan unnið er að breytingum á viðskiptalíkani félagsins.

Hækkun leigu um 1,5% nemur að meðaltali tæplega 2.737 kr. á mánuði pr. leigjanda. Kostnaður Reykjavíkurborgar er óbreyttur að sinni.



Reykjavík